

## Skólaþing Varmárskóla

21.febrúar 2013

Samkvæmt 4 grein reglugerðar nr. 1157/2008 skal skólaráð halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins. Að þessu sinni leitaði skólaráð til foreldrafélagsins að standa saman að skólaþingi um málefni Varmárskóla. Boðað var til fundar 21.febrúar kl. 20:00-21:30 í sal eldri deildar. Var öllum foreldrum við skólann sent fundarboð, sem og starfsmönnum skólans. Einnig var sett frétt um þetta á heimasíðu skólans.

### Eftirfarandi var efni fundarins:

Fundarstjóri: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir

- Kynning á skólaráði – hvert er hlutverk þess og verkefni? – Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri
  - Þórhildur fór reglugerð um skólaráð, hverjir sitja í ráðinu og hvert hlutverk ráðsins er.
- Olweus – Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastýra kynnti fyrstu niðurstöður Olweusar könnunar frá nóv 2012 í forföllum Stefaníu Óskar Þorsteinsdóttur verkefnisstjóra Olweusar í Varmárskóla.
  - Fram kom í niðurstöðum að Olweusarkönnunin er tekin í nóvember ár hvert og þátttakendur eru allir nemendur í 4.-10.bekk. Hinsvegar er ákveðið að yfirstjórn Olweusarverkefnisins á Íslandi að taka ekki inn niðurstöður 4.bekkjara í heildarniðurstöður skólanna þar sem þau eiga oft erfitt með að skilja spurningarnar. Hinsvegar fá skólarnir niðurstöðurnar í hendur og geta skoðað þær og nýtt sér.
  - Farið var yfir helstu lykilsurningar og kom m.a. fram að 96,1 % barna líður nokkuð vel eða vel í skólanum. Hinsvegar eru um 3,9% sem líður mjög illa eða illa í skólanum okkar. Um 83% hafa ekki orðið fyrir einelti, 10,8% mjög sjaldan en 5,9% segjast hafa orðið fyrir einelti. Meirihluti nemenda segja að starfsfólk geri yfirleitt eitthvað til að stöðva einelti. Taka skal fram um að í könnuninni er alltaf talað um einelti en ekki samskiptavanda en oft er raunin sú að börnin eiga í samskiptavanda frekar en í hreinu einelti.
- Skólapúlsinn – Þórunna R. Ólafsdóttir skólastjóri fer yfir niðurstöður Skólapúlsins með samanburði á milli ára – hvað felst í Skólapúlsinum?
  - Farið var yfir hvaða upplýsingar Skólapúlsinn gefur okkur og að niðurstöður eru aðgengilegar á vef skólans. Á þessu skólaári erum við á góðri uppleið í viðhorfum nemenda til námsins. Engu að síður höfum við áhyggjur af kvíða og vanlíðan. Einelti er nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal.
- Nemendaráð – Fulltrúar nemendaráðs kynna hvert þeirra hlutverk er í skólasamfélaginu
  - Rósborg Halldórsdóttir fulltrúi í skólaráði og formaður nemendaráðs sagði frá hlutverki ráðsins og verkefnum.

- Nýtt deiliskipulag um „drop off“ (bílastæði og aðkomu) við Varmárskóla – Þráinn Hauksson landslagsarkitekt og Elías Pétursson formaður skipulagsnefndar kynntu og sköpuðust góðar og gagnlegar umræður.
- Afturelding – Lára Helgadóttir fulltrúi Aftureldingar í skólaráði (grenndarsamfélagsins) hvatti foreldra til að koma athugasemdum um hvað mætti betur fara er snýr að íþróttaiðkun barna þeirra. Afturelding vill gjarnan fá umræður meðal foreldra.
- Val í eldri deild - Óðinn Pétur Vigfússon kynnti fyrirkomulag vals hjá 8.-10.bekk.

Eftir erindin var kaffispjall þar sem fundargestir gátu spjallað við eftirfarandi aðila.

- Skólaráð
- Nemendaráð
- Foreldrafélag
- Námsráðgjafi
- Afturelding

Fundurinn tóks vel, góð umræða skapaðist og fundur með þessu fyrirkomulagi verður haldinn aftur að ári.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir, skólastýrur við Varmárskóla